Hafnarsamlag
Norðurlands
við Fiskitanga
600 Akureyri
Sími: 460 4200
Fax: 460 4209

Port of Akureyri
Fiskitanga
IS - 600 Akureyri
Iceland
Tel: +354 460 4200
Fax: +354 460 4209

Akureyri 4. Júní 2019

Pétur Ingi Haraldsson
Sviðsstjóri Skipulagssviðs

Varðar: Efnistaka við Glerárós

Hafnasamlag Norðurlands óskar eftir því að Akureyrarkaupstaður úrskurði hvort efnistaka af hafsbotni við Glerárós sé matskyld framkvæmd samkvæmt 1.viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, grein 2.04.
Fyrirhugað er að endurbyggja Torfunefsbryggju á Akureyri og jafnframt færa hana allt að 20 m út frá núverandi bryggjukant. Til þess að tryggja stöðufræðilegt jafnvægi sjávarbotns vegna aukins álags frá nýjum bryggjukanti er nauðsynlegt að fylla framan við stálþilið með um 30.000 m^3 af efni og með því bæta fláa sjávarbotns sem fellur hratt rétt framan við stálþilið.

Sótt er um leyfir fyrir efnistöku á allt að 49.000 m^3 af efni. Þar sem sjávarbotninn er brattur rétt framan við stálþilið og efnisgæði hans ekki góð er nauðsynlegt að byrja fyllinguna neðst í fláanum og vinna sig upp á við til þess að hindra landskrið vegna of mikils skyndilegt álags á sjávarbotninn. Framkvæmdinni er nánar lýst í kynningarskýrslu framkvæmdarinnar sem fylgir bréfi þessu.

Sambærilegar efnistökur hafa verið framkvæmdir við Glerárós áður og síðast 2001 þegar Tangabryggja var lengd. Þá þurfti að byggja sambærilegan fyllingarpúða framan við fyrirhugaðan bryggjukant til þess að tryggja stæðni sjávarbotnsins.

Botnrannsóknir hafa verið gerðar á hafsbotni við stálþilskantinn sem staðfesta mjög veikan burð í efstu 7 m á sjávarbotninum.

Kornakúrfur hafa verið gerðar á efnistökustaðnum sem fylgja með bréfi þessu.
Engar þungamálms mengunaruppsprettur er að finna á svæðinu.

<u>Fylgiskjöl</u>
Torfunefsbryggja_Kynningarskýrsla.pdf

Pétur Ólafsson